



Dags. 11.11.2024

## Efni: Frístundabyggð í landi Ásgarðs, hluti III (Búrfellsvegur að Sogi) – Breyting á skilmálum deiliskipulags

### Deiliskipulagssvæðið:



Svæðið sem deiliskipulagsáætlunin tekur til tók upphaflega gildi þann 06.07.2005. Alls hafa verið gerðar 8 breytingar á deiliskipulaginu frá upphaflegu skipulagi.

Viðkomandi breyting á skilmálum deiliskipulagsins var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. september 2024.

Í breytingunni felst breyting á skilmálum innan greinargerðar deiliskipulagsins sem tekur til heimilda fyrir útleigu á frístundahúsum innan svæðisins. Byggir viðkomandi heimild á heimildum aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar heimildir til útleigu sumarhúsa þar sem segir undir almennum skilmálum í kafla 3.1.2 Frístundabyggð:

*Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð nr. 1277/2016 (sbr. f – lið 4. gr.), enda hafi starfsemin tilskilin leyfi, bílastæði verði innan lóðar og að enginn lóðarhafi innan deiliskipulagssvæðis leggist gegn starfseminni. Gera skal grein fyrir gististarfsemi í deiliskipulagi.*

Í breytingunni felst að bætt er við kafla er varðar útleigu frístundahúsa þar sem segir:

**Heimilt er innan deiliskipulagssvæðisins að stunda rekstur í formi útleigu frístundahúsa. Heimildin fellur undir flokk II – Frístundahús í skilgreiningu relugerðar nr. 1277/2016 er varðar veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Heimildin tekur til útleigu húsa í heild sinni en ekki til stakra herbergja. Við umsókn um rekstrarleyfi skal gera grein fyrir staðsetningu bílastæða og áætluðum hámarksfjölda gesta. Bílastæði skulu staðsett innan lóða.**

Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er varðar breytingu á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. september 2024.

Birt í B-deild stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

Fh. Grímsnes- og Grafningshrepps

---

Vigfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU